# Lýtingsstaðir í Skagafirði

***Úttektarskýrsla minjavarðar***

Guðmundur Stefán Sigurðarson
2024

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

*Höfundur*
*Guðmundur Stefán Sigurðurson*

© 2024
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

**Minjastofnun Ísland**
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

## Efnisyfirlit

**1. Aðdragandi vettvangsferðar .................................................. 4**

**2. Niðurstöður ..................................................................... 4**

**3. Heimildaskrá ................................................................... 5**

# Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
*3178*

Tilgangur úttektar:
*Úttekt á byggingarreit*

Staðsetning:
*Lýtingsstaðir í Skagafirði*
*ISN93: 488.540, 544.975*

Dagsetning vettvangsferðar:
*20.9.2023*

# 1. Aðdragandi vettvangsferðar

Með tölvubréfi dagsett 29.12.2023 óskaði landeigandi Lýtingsstaða eftir umsögn minjavarðar um byggingarreit fyrir gestamóttöku og sýningarsal á Lýtingsstöðum í Skagafirði (L146202). Fylgigagn var afstöðumynd af reitnum frá verkfræðistofunni Stoð ehf., dagsett 29.11.2023.

Heildarskráning fornleifa hefur ekki farið fram á jörðinni en fornleifaskráning var gerð vegna lagningar hitaveitu og nær sú skráning að hluta til yfir umræddan byggingarreit (Bryndís Zoëga 2017. Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Lýtingsstaðahreppi. Rannsóknarskýrslu Byggðasafns Skagfirðinga BSK2017/180, rannsóknarnr. MÍ 1848). Gamla bæjarstæðið og heimatún er í töluverðri fjarlægð og eru engar þekktar fornleifar á byggingarreitnum.

Minjavörður hefur áður kannað svæðið á vettvangi og voru ekki gerðar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.




Mynd 1 – Uppdráttur frá verkfræðistofunni Stoð ehf. af byggingarreit fyrir gestamóttöku og sýningarsal á jörðinni Lýtingsstöðum í Skagafirði.

# 2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun

umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

## 3. Heimildaskrá

Bryndís Zoëga 2017. Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Lýtingsstaðahreppi. Rannsóknarskýrslu Byggðasafns Skagfirðinga BSK2017/180, rannsóknarnr. MÍ 1848.

Hjalti Pálsson (ritstj.) (2004). Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi. Lýtingsstaðahreppur. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga.

Túnakort Lýtingsstaðir í Lýtingsstaðahreppi. Guðmundur Sveinsson 1918. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.